



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka  
Skuggasundi 1  
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016  
Tilvísun vor: 07.08

**Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3296A Fremrinámar**

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemnum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillöggunni leggur verkefnisstjórnin til að Fremrinámar verði raðað í biðflokk.

Helstu rök verkefnisstjórnar fyrir flokkun virkjunarkostsins í biðflokk eru:

1. *Upplysingar skortir um öflun kælivatns*
2. *Mikill breytileiki í einkunnum fyrir einstök viðföng – mjög háar og mjög lágar einkunnir*
3. *Skerðing viðernis og landslagsheilda*
4. *Mannvirkjagerð á svæði sem er óbyggjt viðerni*
5. *Mjög sérstök örveruflóra*
6. *Framtíðarvirði hugsanlega vanmetið*

Landsvirkjun telur að faghópar og verkefnisstjórn þurfi að rökstyðja flokkunina betur og geta heimilda sem styðja fullyrðingar sem settar eru fram eins og síðar verður vikið að.

Athygli vekur að órökstuddar fullyrðingar án tilvísunar til heimilda eru birtar sem helstu ástæður áhrifamatseinkunna eins og „*Pá myndi hveravirkni á yfirborði breytast og fágæt fyrirbæri á borð við brennisteinsþúfur tapast. Sömuleiðis myndu sérstakar og/eða ópekktar tegundir hitakærra örvera tapast og þar með þær erfðaaauðlindir sem örverurnar búa yfir*“.

Fremrinámar raðaðist í biðflokk í 2. áfanga rammaáætlunar. Röðun virkjunarinnar samkvæmt mati faghópa er svipuð núna í 3. áfanga.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemd við liði 3 og 4 í upptalningunni hér að ofan enda er svæðið fjarri núverandi mannlegum athöfnum og því skiptir miklu hvar mannvirkjum er valinn staður, útlitshönnun þeirra, aðkoma o.fl.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemd við að halda svæðinu í biðflokkji þar til lagðar hafi verið fram frekari niðurstöður rannsókna sérstaklega er varðar öflun kælivatns og fyrstu rannsóknaborana á svæðinu, sem gefa upplýsingar um helstu eðliseiginleika jarðhitasvæðisins.

Virðingarfyllst

*Oli L.B. Sveinsson*

Óli Grétar Blöndal Sveinson  
framkvæmdastjóri

*Bjarni Pálsson*  
Bjarni Pálsson  
forstöðumaður